LUNDARSKÓLI

Ábyrgð · Virðing · Vellíðan

# Reglur um frágang eftir samkomur

1. Þvo með blautum klút borð sem notuð eru og hreinsa stóla ef með þarf. Einnig skal pússa gler í hurðum inni í sal.
2. Raða borðum og stólum eins og fyrir var. Sjá meðfylgjandi myndir.
3. FLOKKA á allt rusl sem til fellur í skólanum. Tæma skal allar ruslafötur í sal, anddyri og salernum upp á tengigangi. Setja nýja poka í ruslafötur.
4. Þrífa skal klósett að innan og vaska með þar til gerðum áhöldum (einnota hanskar eru í ræstikompu).
5. Blautþvo skal anddyri, sal og snyrtingar á tengigangi uppi, sem sagt öll gólf sem notuð eru.
6. Ganga skal frá öllu því sem fengið er að láni víðsvegar um skólann á réttan stað t.d. skilrúmum, borðum og stólum sem oft eru notuð í anddyri á skemmtunum.
7. Setja allt rusl í rétta gáma vestan við skólann (Gengið út vestur úr salnum, við hliðina á eldhúsinu). Óflokkað rusl fer í stærsta gáminn annað í gáma eftir merkingum. Ekki er verra að þeir sem leigja salinn taki ruslið með sér og losi sig við það á gámasvæðinu við Hrísalund.
8. Allt sem þið þurfið til þessara verka er í ræstikompu við starfsmannaálmu. Vinsamlegast skilið áhöldum hreinum þangað aftur. 9. Frágangur í eldhúsi. Ef eldhúsið er notað þarf að skola leirtau í vaskinum og skilja það eftir þar. Það sem þarf að vera í kæli fer í kæliskápinn sem er alltaf opinn. Annað má vera á vagni til morguns. Það er ekki æskilegt að uppþvottavélin sé sett í gang fyrir stuttan tíma.

Upplýsingar gefur Valur Smári Friðvinsson húsvörður, sími: 899-0308

Gangi ykkur vel og takk fyrir.